

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (ÁI, MSch, SII, KLM, ÞBack).

1. 1. gr. falli brott.
2. Við 2. gr.
 - a. Lokamálsliður 5. efnismgr. orðist svo: Nýti skuldari sér rétt til verðtryggingar veðláns skv. 2. mgr. skal greiðslujöfnun aftur taka gildi, nema skuldari óski sérstaklega eftir að vera undanþeginn greiðslujöfnun, og skal greiðslumark skv. 3. gr. laga nr. 63/1985 taka gildi á því tímamarki sem umreikningur láns samkvæmt þessari málsgrein miðast við.
 - b. 6. efnismgr. falli brott.
3. Við 3. gr. Við b-lið (XI.) bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framsetningu útreiknings á uppgjöri vegna ólögðra vaxta og/eða verðtryggingar í reglugerð.
4. Við 5. gr.
 - a. Á eftir orðunum „Komi til ágreinings“ í 1. mgr. a-liðar (6. gr.) komi: milli kröfuhafa.
 - b. 2. mgr. a-liðar (6. gr.) orðist svo:

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar fjóra menn í úrskurðarnefndina. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja, einn án tilnefningar og einn af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Formaður hefur oddaatkvæði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

